


**Söngleikur eftir:**
**Einar Viðarsson, Flosa Einarsson og Gunnar Sturlu Hervarsson**

**2025**

# Árgangur 2010 í Grundaskóla kynnir söngleikinn:




| | | |
|---|---|---|
| **Frumsýning:** | **sunnudaginn 2. nóvember** | **19:00** |
| **2. sýning:** | **þriðjudagur 4. nóvember** | **19:00** |
| **3. sýning:** | **fimmtudagur 6. nóvember** | **19:00** |
| **4. sýning:** | **föstudagur 7. nóvember** | **19:00** |
| **5. sýning:** | **sunnudagur 9. nóvember** | **16:00** |
| **6. sýning:** | **þriðjudagur 11. nóvember** | **19:00** |
| **7. sýning:** | **fimmtudagur 13. nóvember** | **19:00** |





Leikstjórn: **Einar Viðarsson**
Tónlistarstjórn: **Flosi Einarsson**
Söngstjórn: **Elfa Margrét Ingvadóttir og Margrét Saga Gunnarsdóttir**
Danshöfundur: **Sandra Ómarsdóttir**
Búningahönnun: **Eygló Gunnarsdóttir**

Grundaskóli
Espigrund 1, 300 Akranesi
Sími: 433-1400
grundaskoli@grundaskoli.is
www.grundaskoli.is

**Miðaverð: 3000 kr**
**Miðasala á grundaskoli.is**
**Sýnt er á sal Grundaskóla**

# Ágætu sýningargestir

Söngleikurinn SMELLUR er í anda 9. áratugarins, þar sem herðapúðar, blásið hár, andlitsfarði, mixteip og margt annað lummó ræður ríkjum. Sagan hefur því að geyma margar skemmtilegar og litríkar persónur, hraða atburðarás, kraftmikla tónlist og dans, sem allt blandast saman í skemmtilegan og litríkan hrærigraut.

Smellur var fyrst settur upp árið 2018 en nú er verkið í höndum nemenda í árgangi 2010. Verkið hefur verið aðlagað að hópnum og munu 55 nemendur stíga á svið en auk þeirra sinna rúmlega 20 nemendur öðrum verkefnum eins og tæknistjórn, aðstoð á sýningum, leikmynd og förðun.

Söngleikir eru fyrir löngu orðnir fastir liðir í starfi Grundaskóla en frá árinu 2002 hafa verið settir upp frumsamdir söngleikir þriðja hvert ár. Undanfarin sex ár hefur verkefnið verið lokaverkefni í höndum 10. bekkjar er gert ráð fyrir að hátt í 200 manns, nemendur, starfsfólk og foreldrar komi að verkefninu á einn eða annan hátt. Mikill metnaður er hjá aðstandendum verkefnisins að gera söngleikinn að eftirminnilegri sýningu. Viðtökur bæjarbúa og annarra gesta á söngleikjum Grundaskóla hafa verið með eindæmum góðar og hafa sýningargestir ávallt verið vel á þriðja þúsund.

Verkefni eins og söngleikur er frábært tækifæri fyrir nemendur til þess að stíga út fyrir þægindarammann, taka þátt í skapandi vinnu og efla félagsfærni. Segja má að verkefnið sé eitt stórt hópefli sem þjappar árgangnum enn betur saman.

Um leið og við óskum sýningargestum góðrar skemmtunnar þá vonumst við til þess að sjá sem flesta. Við hlökkum til að deila með ykkur afrakstri þeirrar miklu vinnu sem nemendur hafa lagt á sig undanfarnar vikur og mánuði, við erum ótrúlega stolt af þessum frábæra hóp.

Góða skemmtun.

***10. bekkjarteymið veturinn 2025-2026***

Hár-studio
Stillholti 16
431-5656

Kallabakarí

Bílar&Dekk.ehf
S: 578 2525

# Fólkið bakvið tjöldin

Að uppsetningu **SMELLS** kemur hópur starfsmanna og annarra sem sumir hafa tekið þátt í fjölda annarra uppfærslna. **Einar Viðarsson** er leikstjóri söngleiksins. Hann hefur frá árinu 2005 leikstýrt fjölda verka í Grundaskóla og í bæjarfélaginu. Einar hefur einstaka sýn og brennandi áhuga á leiklist sem fær að njóta sín vel í þessari vinnu. **Eygló Gunnarsdóttir** er öllum hnútum kunnug þegar kemur að búningahönnun. Eygló kom fyrst að búningagerð þegar Vítahringur var settur upp fyrst árið 2008. Söngur er stór hluti af verkinu en þar hafa þau **Flosi Einarsson, Margrét Saga Gunnarsdóttir** og **Elfa Margrét Ingvadóttir** haldið um taumana og gert það gríðarlega vel. Danshöfundur verksins er **Sandra Ómarsdóttir** en hún hefur allt frá árinu 2013 verið skólanum innan handar og sett sinn skemmtilega listræna brag á uppsetningu verkanna. Sviðsmyndin er eins og undanfarin ár í höndum **Auðar Líndal** og **Einars Viðarssonar**. Auður er með ótrúlegt auga fyrir smáatriðum sem gefa verkinu þetta heildarútlit. **Snorri Kristleifsson** kemur að ansi mörgum þáttum verksins eins og uppsetningu og útlit leikskrár. **Örn Arnarson** sá um ljósmyndun og gerð hlaðvarpsþáttar um verkið. Þær **Berglind Ósk Pétursdóttir, Karen Ósk Guðlaugsdóttir, Laufey Jóhannsdóttir** og **Rósa Björk Bjarnadóttir** hafa haldið utan um verkefnið en það er í mörg horn að líta þegar kemur að uppfærslu sem þessari.

Að lokum má nefna **foreldrana í árganginum**. Án þeirra vinnu væri aldrei hægt að setja verk eins og þetta upp. Við erum með frábæran, samstilltan hóp á bak við okkur en verkefni eins og þetta sýnir hversu magnaða hluti er hægt að skapa með samvinnu heimilis og skóla.

# Leikhópur og aðstandendur


Ahia Alondra Azkoul
**Dansari**


Albert Hrafn Lúðvíksson
**Kobbi**


Alma Hlín Ingimarsdóttir
**Söngdíva**


Andri Snorrason
**Markaðsmál**


Aníta Rut Andradóttir
**Eva**


Anton Logi Guðmundsson
**Markaðsmál**


Arnór Jökulsson
**Ace**


Auður Líndal
**Sviðsmynd**


Ármann Marvin Sigurðsson
**Dansari**


Árný Lea Grímsdóttir
**Cindy**


Ásdís Hekla Kristjánsdóttir
**Söngdíva**


Berglind Ósk Pétursdóttir
**Framkvæmdastjórn**


Bergur Ernir Karlsson
**Símon Leifs**


Birgir Viktor Kristinsson
**Tæknimaður**


Birkir Elías Helgason
**Dansari**


Birkir Hrafn Theodórsson
**Dansari**


Björn Leó Aronsson
**Gene**


Bríet Inga Pétursdóttir
**Dansari**


Dagur Már Þorvaldsson
**Brian**


Dagur Óli Ragnarsson
**Dansari**


Dóra Valdís
Arilíusdóttir
**Dansari**


Einar
Viðarsson
**Leikstjóri**


Elfa Margrét
Ingvadóttir
**Söngstjórn**


Elía Valdís
Elíasdóttir
**Sandra**


Elín Sara
Skarphéðinsdóttir
**Dansari**


Elmar Gísli
Ólafsson
**Dansari**


Elsa Dís
Hjaltadóttir
**Aðstoðarleikstjóri**


Emil Karl
Jóhannesson
**Dansari**


Emilía
Snjólfsdóttir
**Sally**


Erik Vilhelm
Hlinason
**Dansari**


Erika Ósk
Emilsdóttir
**Förðun/Markaðsmál**


Erna Guðrún
Jónsdóttir
**Peter**


Eygló
Gunnarsdóttir
**Búningahönnun**


Eymar Ágúst
Eymarsson
**Markaðsmál**


Flosi
Einarsson
**Tónlistarstjórn**


Gabríela Mist
Valgeirsdóttir
**Eddi**


Hallur
Sigurjónsson
**Markaðsmál**


Hanna Berglind
Ásþórsdóttir
**Gefjun**


Heiðar Breki
Héðinsson
**Markaðsmál**


Heiðdís Tinna
Daðadóttir
**Dollý**


Heimir Leó
Unnarsson
**Markaðsmál**


Hekla Dís
Hilmarsdóttir
**Agnes**


Helga Dóra
Einarsdóttir
**Signý**


Helgi Guðsteinn
Reynisson
**Markaðsmál**


Hilmar
Halldórsson
**Samfélagsmiðlastjórn**


Ingibergur Hjálmarsson
**Markaðsmál**


Ingibjörg Einarsdóttir
**Dansari**


Iwo Szymon Gorajewski
**Dansari**


Ísak Máni Bogason
**Markaðsmál**


Ísey Fannarsdóttir
**Donna**


Jóhanna Guðrún Gunnarsdóttir
**Dansari**


Julia Von Káradóttir
**Paul**


Jökull Sindrason
**Dansari**


Jökull Stefnisson
**Dansari**


Karen Ósk Guðlaugsdóttir
**Framkvæmdastjórn**


Karítas Líf Bjarnadóttir
**Markaðsmál**


Katrín Ósk Guðmundsdóttir
**Dansari**


Kristín Sjöfn Ómarsdóttir
**María Magðalena**


Kristján Alexander Reiners Friðriksson
**Framkoma/Tæknimál**


Laufey Jóhannsdóttir
**Framkvæmdastjórn**


Lena Björk Bjarkadóttir
**Söngdíva**


Leó Þór Árnason
**Markaðsmál**


Lilja Fanney Ársælsdóttir
**Sjöfn**


Maren Unnur Magnúsdóttir
**Dansari**


Margrét Saga Gunnarsdóttir
**Söngstjórn**


Maron Kárason
**Dansari**


Matthías Máni Bjarnason
**Tæknimaður**


Nadía Steinunn Elíasdóttir
**Dansari**


Naómí Líf Sölvadóttir
**Söngdíva**


Oliver Leví Sverrisson
**Markaðsmál**


Orri Þór
Jónsson
**Sigurður**


Ólafur Atli
Sindrason
**Markaðsmál**


Patrekur Emil
Mýrdal
**Markaðsmál**


Pétur Geir
Gíslason
**Dansari**


Rokas
Bistrickas
**Markaðsmál**


Rósa Björk
Bjarnadóttir
**Framkvæmdastjórn**


Róbert Kári
Örnólfsson
**Berti**


Rúnar Már
Jónasson
**Tæknimaður**


Sandra
Ómarsdóttir
**Dansstjórn**


Sigurbjörg Heiða
Ívarsdóttir
**Jóna/Dansari**


Sigurður Franz
Hinriksson
**Markaðsmál**


Snorri
Kristleifsson
**Leikskrá/Tæknimál**


Stefanía Líf
Viðarsdóttir
**Amy**


Styrmir
Gíslason
**Boy Floyd**


Sverrir Þór
Leifsson
**Markaðsmál**


Theodór Smári
Þorsteinsson
**Eiki**


Tinna Rós Eyfjörð
Hólmarsdóttir
**Dansari**


Vala Rún
Hrannarsdóttir
**Söngdíva**


Þóra
Guðmundsdóttir
**Söngdíva**


Þórdís Agla
Sigurvinsdóttir
**Dansari**


Örlygur Hrafn
Stefánsson
**Ósvífur**


Örn
Arnarsson
**Ljósmyndun**

@home
s: 431-1218 - kirkjubraut 56 - akranesi

GALITO
RESTAURANT

SKESSUHORN

## Fréttir frá 3. bekk

Í 3. bekk erum við að vinna með Akranes. Í skólabyrjun notuðum við góða veðrið til þess að fara í gönguferð um bæinn okkar. Þar skoðuðum við Skarfavör og vitann okkar. Einnig skoðuðum við listaverk á Akranesi og í vetur munum við vinna verkefni tengd bænum okkar.













## Þökkum eftirfarandi fyrirtækjum kærlega fyrir stuðninginn:

Vignir G. Jónsson ehf.
Pollur bílaþvottur
Verslunin Einar Ólafsson
Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi
Llorens Hárstofa
Lykkjan
Fótaaðgerðarstofa Akraness
Jón Jóh. verktaki
Bókasafn Akraness
Axelsbúð
Hans og Gréta
HM pípulagnir
2Gómar ehf
Sjúkraþjálfun Akraness
Trésmiðjan Akur ehf
Kvan og Kvan travel
Ceo huxun
GP vélar
Tölvuþjónustan
LH bókhald
Karen ökukennari
Módel Akranesi
GSH ráðgjöf ehf
Blikksmiðja Guðmundar ehf

### Viðtal við foreldri fyrrum nemenda

## Rósa Björk Bjarnadóttir

*Símon Orri (Úlfur úlfur)*



**Átt þú barn sem hefur tekið þátt í söngleik?**
Já, ég hef reynslu af því að eiga barn sem tók þátt í söngleik. Það var dýrmæt upplifun sem krafðist bæði skipulagningar og stuðnings, allt frá reglulegum æfingum og undirbúnings til sjálfra sýninganna.

**Hvert var hlutverk þitt sem foreldri?**
Já, ég hef tekið þátt í undirbúningnum með því að hjálpa til við sviðsmyndina, lána nauðsynlega hluti og koma með veitingar fyrir æfingar og sýningar. Þetta stuðlar að faglegri framkvæmd og skapar gott samstarf milli foreldra og framleiðsluteymisins.

**Hvernig fannst barninu þínu að taka þátt?**
Já, þetta var bæði mjög gaman og þroskandi fyrir okkur öll. Söngleikurinn hafði greinilega jákvæð áhrif á barnið mitt; hann var styrkjandi og sjálfseflandi og gaf því aukið sjálfstraust og gleði í skapandi starfi.


Sjáumst á Akranesi
Afgreiðslutími á Akranesi:
Virkir dagar: 08:00 - 22:00
Helgar: 10:00 - 22:00
Grillið: 11:00 - 20:00
N1


ROÐ
VEITINGAR


Íslandsbanki
Fyrsti áfanginn í fjárhagslegri heilsu


HÚSASMIÐJAN
MITT RÝMI
Veggir
Prófaðu liti og parket í þínu rými áður en þú breytir
Breyttu lit á veggjum og prófaðu nýtt parket með einum smelli
Mátaðu áður en þú breytir
Taktu mynd
Prófaðu nýjan lit
Skiptu um parket
Mátaðu hljóðvistarplötur
Einfalt á husa.is

# Ómetanlegir bakhjarlar

## Márus og Karvel í Bresabúð

**Hvernig fyrirtæki er Bresabúð?**
Bresabúð er fyrst og fremst þjónusta við iðnaðarmenn, Skagafólk og Vestlendinga ásamt því að þjónusta stóriðnaðinn sem er okkur mjög mikilvægur. Við erum með efni fyrir pípulagnir og raflagnir, málningu. Við erum með allskonar hliðarvörur eins og verkfæraleigu, verkfæri, múrefni og annað.

**Hversu lengi hefur Bresabúð starfað?**
Búðin verður tíu ára á næsta ári, opnuðum í ágúst 2016.

**Bresabúð hefur styrkt við ýmiskonar skólaverkefni, hversu mikilvægt finnst ykkur að taka þátt í slíkum verkefnum?**
Við höfum styrkt uppfærslur í báðum grunnskólunum og framhaldsskólanum síðast-liðin átta ár. Þegar leitað er til okkar þá skorumst við ekki undan. Okkur finnst það mjög mikilvægt að gefa eitthvað til baka. Auðvitað minnum við á okkur í leiðinni.

**Eitthvað að lokum?**
Okkur finnst mikilvægt að fólki finnist gott að koma hingað og vilji koma aftur og leggjum við upp með að bjóða alla velkomna, það eru ansi margir kaffibollarnir sem fara hér á daginn. Við leggjum mikla áherslu á góða þjónustu hvort sem það er val á málningu eða annað, það er okkar styrkur. Ef við vitum ekki svarið þá leitum við til okkar birgja eða lengra. Fólk hefur verið mjög þakklátt fyrir þessa þjónustu og við erum ánægðir að hafa komið upp þessu orðspori.




## Orðasúpa

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| R | W | Z | M | A | R | Í | A | A | E | U | D | O | F | X | J | G | W | I | Z |
| E | U | N | N | J | S | G | H | X | R | W | L | F | Q | G | X | O | B | W | E |
| B | R | L | O | J | S | X | L | Z | O | K | E | G | F | B | B | A | Z | Y | O |
| P | N | Z | L | U | I | I | J | A | R | D | N | A | S | Z | E | M | B | Ó | O |
| D | E | Z | T | E | K | W | Ó | I | X | W | A | D | W | B | C | Y | S | M | I |
| S | I | P | W | C | M | X | M | A | W | O | R | B | I | E | X | V | A | Y | I |
| J | W | R | F | J | T | S | S | V | G | D | S | P | E | J | Í | O | L | I | X |
| O | U | R | V | G | L | D | V | B | N | A | W | O | B | F | B | F | E | O | B |
| L | T | J | J | Z | O | W | E | G | G | D | E | N | U | J | S | T | Q | D | Q |
| N | I | A | J | V | B | R | I | E | I | L | P | R | A | Q | E | J | Q | O | L |
| D | P | J | U | U | T | S | T | G | T | E | U | U | E | V | T | X | E | W | W |
| R | F | M | J | I | W | J | Í | M | D | I | J | Z | O | H | Z | D | C | U | R |
| N | X | K | N | B | R | B | S | M | E | F | S | Z | V | U | R | I | Y | U | E |
| J | D | W | J | V | W | N | Z | Y | O | S | A | C | I | Q | F | Z | T | T | T |
| S | G | T | R | U | K | I | E | L | G | N | Ö | S | B | R | V | I | A | R | V |
| C | E | J | W | K | F | Y | V | T | G | X | H | Y | Z | A | E | G | Z | R | T |
| I | I | N | M | H | C | H | K | A | H | G | S | J | I | C | Q | Z | P | C | G |
| I | E | N | G | X | I | S | K | C | Y | L | B | P | W | S | S | N | D | U | E |
| B | K | B | D | A | D | D | C | N | S | I | X | R | C | I | L | S | M | W | V |
| I | Z | J | C | Y | P | N | L | Y | N | Z | Y | Z | T | J | Y | V | T | J | W |

**Símon**

**María**

**Cindy**

**Ósvífur**

**Söngleikur**

**Hljómsveit**

**Smellur**

**Berti**

**Agnes**

**Kiss**

**Sandra**

**Eitur**

# ÚRVAL AF VEGGJA- OG LOFTAMÁLNINGU

Veitum ráðleggingar við val á efni

*Verslun í heimabyggð*




# BRESABÚÐ

Kalmansvöllum 1a, 300 Akranes - sími 431-5155

Slippfélagið
Málningarverksmiðja

# Þátttakendur teknir tali

## Bergur



**Segðu okkur frá hlutverkinu þínu í leikritinu**
Ég er Símon Leifs og er glys-rokkari í hljómsveitinni Eitur. Símon er frægur og ætlar að koma með comeback.

**Hvernig finnst þér að taka þátt í leikritinu?**
Mjög gaman, það er gaman að skríða út úr skelinni, skemmtilegt að vera meira með vinum sínum og kynnast betur öðrum í árganginum.

**Hvert er uppáhalds lagið þitt í leikritinu?**
Hann.

**Hver er uppáhalds línan þín í leikritinu?**
*Þið eruð alveg að koma kallinum í gírinn, I´ve got my mojo back, I´m a mean mean mean mojo machine.*

## Bjössi

**Segðu okkur frá hlutverkinu þínu í leikritinu**
Ég leik Gene - aðalgæjann í KISS crewinu. Ég á kærustu sem heitir Donna og mamma er Dollý íþróttakennari.



**Hvernig finnst þér að taka þátt í leikritinu?**
Bara gaman, gaman að vera á sviðinu og horfa á hina.

**Hvert er uppáhalds lagið þitt í leikritinu?**
Allir vilja dansa.

**Hver er uppáhalds línan þín í leikritinu?**
*Nei nei nei, Agnes, barn guðs mætt á svæðið!*

## Hanna



**Segðu okkur frá hlutverkinu þínu í leikritinu**
Ég leik Gefjun og er í sóknarnefndinni. Hún er frekar ákveðin og alltaf sammála séra Ósvífri.

**Hvernig finnst þér að taka þátt í leikritinu?**
Mér finnst það mjög skemmtilegt og er að stíga út fyrir þægindarammann.

**Hvert er uppáhalds lagið þitt í leikritinu?**
Allir vilja dansa.

**Hver er uppáhalds línan þín í leikritinu?**
*Skemmtilegt! Ehh þarf alltaf allt að vera skemmtilegt?*

## Elía



**Segðu okkur frá hlutverkinu þínu í leikritinu**
Ég leik Söndru sem er skóla-stjóri og eiginkona Símons Leifs. Sandra er alltaf kát og í stuði.

**Hvernig finnst þér að taka þátt í leikritinu?**
Mér finnst þetta mjög skemmti-legt og gott tækifæri til þess að fara út fyrir þægindarammann. Maður lærir mikið af þessu.

**Hvert er uppáhalds lagið þitt í leikritinu?**
Allir vilja dansa.

**Hver er uppáhalds línan þín í leikritinu?**
*Ég held að það sé kominn tími til að þið farið í ærlega naflaskoðun og velta því fyrir ykkur hvort ykkar tími sé ekki liðinn!*

## Hekla

**Segðu okkur frá hlutverkinu þínu í leikritinu**
Ég leik Agnesi sem er dóttir Ósvífurs. Hún er ákveðin, svolítið leiðinleg og algjör pönkari.

**Hvernig finnst þér að taka þátt í leikritinu?**
Mér finnst það ógeðslega skemmtilegt og gott tækifæri til að kynnast krökkunum í árganginum betur.

**Hvert er uppáhalds lagið þitt í leikritinu?**
Allir vilja dansa.

**Hver er uppáhalds línan þín í leikritinu?**
*Að sjálfsögðu geri ég allt eins og þú segir.*

## Alondra



**Segðu okkur frá hlutverkinu þínu í leikritinu**
Ég er vinkona Agnesar og dansari.

**Hvernig finnst þér að taka þátt í leikritinu?**
Mér finnst það mjög gaman, finnst gaman að dansa og syngja. Ég er að kynnast krökkunum betur.

**Hvert er uppáhalds lagið þitt í leikritinu?**
Ég hef leitað þín svo lengi.

**Hver er uppáhalds línan þín í leikritinu?**
*I´m a mean mean mean mojo machine.*

## Erik



**Segðu okkur frá hlutverkinu þínu í leikritinu**
Ég er krakki og dansari.

**Hvernig finnst þér að taka þátt í leikritinu?**
Mér finnst það vera mjög spennandi og skemmtilegt.

**Hvert er uppáhalds lagið þitt í leikritinu?**
What to do.

**Hver er uppáhalds línan þín í leikritinu?**
*Þessi þarna lítur frekar út eins og Freddie Mercury í Wham*

Akraborg

SJÓVÁ

KUNG FU

# þjónustumiðstöð tónlistarfólks

Hvort sem það eru byrjendur eða lengra komnir,
þá færðu allt fyrir tónlistarfólkið hjá okkur.



TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn

Tónastöðin • Skipholti 50d • Reykjavík • sími: 552 1185 • tonastodin.is

# Aftur til ársins 2018
## Helgi Rafn Bergþórsson



**Hvernig var að taka þátt í leikritinu Smelli?**
Það var mjög skemmtileg lífs-reynsla að taka þátt í leikritinu. Maður lærir svo mikið, kynnist bekkjarfélögunum betur og hefur þvílíkt gaman.

**Myndir þú gera þetta aftur?**
Tvímælalaust! Þetta er eitt af því skemmtilegasta sem ég hef gert. Eftir að hafa tekið þátt í Smelli hef ég nú tekið þátt í fleiri leikritum og þetta verður bara skemmti-legra.

**Hvert var hlutverk þitt í leikritinu?**
Ósvífur prestur.

**Hvað var uppáhalds atriðið þitt í leikritinu?**
Upphafsatriðið er mér mjög minnisstætt. Leikritið byrjar af miklum krafti sem er þegar það er mest gaman.

**Hvernig hafði það að setja upp leikrit áhrif á þig sem persónu?**
Öll svona lífsreynsla mótar mann sem persónu, Þetta hjálpaði mér mjög mikið að læra koma fram fyrir annað fólk sem er mjög mikilvægur lærdómur inn í framtíðina.

**Hvernig var að blanda námi og leikrit á sama tíma?**
Mig minnir að það hafi nú ekki verið vandamál, kennararnir voru mjög skilningsríkir við þetta verkefni. Að taka þátt í leikriti er lærdómur.

**Fórstu einhvern tíma að gráta?**
Nei, mig minnir ekki, kannski muna leikstjórarnir það betur, en það gerir ekkert til þó það komi uppá. Það getur verið mikill tilfinningarússíbani að taka þátt í svona verkefni sem gerir það bara enn minnugra fyrir vikið.

**Hvað myndir þú segja við nemendur Grunda-skóla sem eru að fara á svið núna eða næstunni?**
Það skiptir mestu máli að njóta og hafa gaman.

**Er eitthvað annað hlutverk sem þú hefðir viljað prófa?**
Það hefði verið gaman að prófa að leika Brian, son Símons.

**Hvaða hlutverk telur þú þig aldrei hafa getað leikið í leikritinu?**
Ég ætla nú aldrei að segja aldrei en ef ég ætti að nefna eitt þá væri það kannski Símon.




VALFELL
FASTEIGNAMIÐLUN OG RÁÐGJÖF

REYNIR JÓHANNSSON
HOPO@SIMNET.IS

norðanfiskur

LímtréVírnet

VERZLUNIN Bjarg

FASTEIGNASALAN HÁKOT

FASTEIGNAFÉLAGIÐ HÚS EHF

VERKÍS

APÓTEK VESTURLANDS

my letra.

ÞRÓTTUR ehf
S. 897 6453 & 431 1343
*- Traustur verktaki síðan 1946 -*

SE Garðyrkja ehf
Hellulagnir - Trjáklippingar - Trjáfellingar
Vegghleðslur - Garðaúðun - Snjómokstur
Sími: 897-7872 - WWW.SNJOLFUR.IS

## Gátur

1. Hvað hefur 4 fingur og þumal en er ekki lifandi?

2. Þú spyrð þessarar spurningar oft á dag en færð alltaf mismunandi svar, en það er alltaf rétt. Hver er spurningin?

3. Hvað missir hausinn á morgnana en fær hann aftur á kvöldin?

4. Hvað er í endanum á regnboga?

5. Hvað er alltaf fyrir framan þig en þú sérð það ekki?

6. Hversu margir mánuðir hafa 28 daga?

7. Ég get ekki talað en ég svara alltaf þegar það er talað við mig hvað er ég?

8. Hvað fer í gegnum borgir, bæi og tún en hreyfist aldrei?

9. Hvað getur farið í gegnum gler en brýtur það ekki?

10. Hvað verður stærra því meira sem þú tekur frá því?





Tannlæknastofa Jónasar Geirssonar

SKAGABROS


### Viðtal við foreldri fyrrum nemenda
## Heiða Viðarsdóttir
*Karen (Draumaleit) & Birta (Úlfur úlfur)*



**Átt þú barn sem hefur tekið þátt í söngleik?**
Já tvö börn, Karen og Birtu, sem hafa báðar tekið þátt í söngleikjum í Grundaskóla, Draumaleit og Úlfur úlfur.

**Hvert var hlutverk þitt sem foreldri?**
Ég var að aðstoða við búninga og undirbúning sviðsins, þannig að allt væri tilbúið fyrir sýningarnar og börnin gætu notið þátttökunnar sem best.

**Hvernig fannst börnunum þínum að taka þátt?**
Já, það var geggjað gaman að taka þátt, og Karen naut þess sérstaklega mikið.

**Fannst þér söngleikurinn hafa áhrif á barnið þitt?**
Já, þátttaka í söngleiknum hafði mjög góð áhrif á barnið mitt. Það styrkti sjálfstraustið hennar og gaf henni mikla gleði og reynslu.

Alparket
Parketslípun

BÍLASPRAUTUN VESTURLANDS
• Bílasprautun • Bílaréttingar • Framrúðuskipti
Sími: 860-0708 • bv.sprautun@gmail.com

VÍS

Hjúskapur.is
Lögmannsstofa

SKAGAFISKUR

GOLFHEIMUR

Eirberg

GRUNN

JURA
Lögmannsstofa
Juralegal.is

SJÚKRAÞJÁLFUN
VESTURLANDS

R5B ehf
Jón Gunnar Mýrdal
899-7443
- Vélaviðgerðir
- Stálsmíði
- Ferðavagnaviðgerðir

# RENOVA
STARFSMANNAÞJÓNUSTA

## Aftur til ársins 2018
## Dagný Halldórsdóttir

**Hver var uppáhalds persónan þín í Smelli?**
Það var hún Agnes.



**Hvað fannst þér skemmtilegast við Smell?**
Mér fannst skemmtilegast að kynnast öllu nýja fólkinu. Við vorum náttúrulega 8., 9. og 10 bekkur og bara gaman að kynnast öllum.

**Hvernig fannst þér að taka þátt í svona verki?**
Það er ótrúlega gefandi að taka þátt í svona verki, gaman að fá að gera eitthvað annað enn að skrifa í bækur og fá að búa til eitthvað og færa það inn á svið.

**Hvert var hlutverk þitt í leikritinu?**
Ég lék Edda gítarleikara.

**Hvað er það eftirminnilegasta úr öllu ferlinu?**
Ég verð eiginlega að segja bara allt í kringum það gaman að vera með öllu fólkinu og hanga saman.

**Ertu með einhver ráð fyrir krakkana sem eru að taka þátt í ár?**
Já bara njóta á meðan á leikritinu stendur og bara taka allt það góða út úr þessu og taka það með ykkur inn í framtíðina.

**Fannst þér leikritið breyta einhverju fyrir félagslífið í unglingadeildinni?**
Já mér fannst unglingadeildin bara verða meiri heild og maður kynntist fólki úr öllum árgöngum.



**Vildir þú leika hlutverkið þitt eða vildir þú fá eitthvað stærra eða minna hlutverk?**
Já mig langaði að verða eitthvað stórt hlutverk en svo kynntist ég mínu hlutverki og varð ánægð með mitt hlutverk.

BARIUM
EHF




















# Persónulegur skóli með nýja faglega aðstöðu

MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR

# AðventuBröns

*Alla sunnudaga frá 16.nóv til jóla*







Hvað er betra en yndisleg stund á aðventunni með þínu besta fólki í sveitasælunni?

Við bjóðum upp á aðventubröns
Alla sunnudaga á aðventunni frá 12.00 - 15.00
Verð:
Fullorðnir 6.900,-
Börn 4.000,-
Borðapantanir í síma 419-5000 eða info@hotelvarmaland.is

Hotel VARMALAND
★★★★

# 1980

19 og 80
og allt er á fullri ferð
Árið er 19 og 80
og allt er á fullri ferð

Þið munið fárið hérna um árið (Jahá)
Flott Millet úlpa og Mullet hárið
Allir í jökkum með herðapúðum
Don Cano gallar ruku´út í búðum

Gott vasadiskó er einstök græja
og geðveikt mixteip á flotta gæja
Tölvur sem tala
Allir með Svala!
Við eigum Sodastream og Sinclair-tölvur,
Sony-Walkman, Betatæki, Rubikk-kubba,
nuddtæki og allt

19 og 80
Græjur af bestu gerð
Árið er 19 og 80
Græjur af allri gerð
19 og 80
(Já) 19 og 80
Og allt er á fullri ferð

Aftur í 80´s
Wowoúwoúwaba

Nú tek ég æði og ríf af mér klæði
Ég verð -laður, brjá-, -laður, brjá-, - laður.

Gerum allt brjálað!









## What to do

What to do

Sjáum hvað er verkið fyrsta
Sjáum hvað er efst á li-ista
Við skulum hér skúra og bóna
þrífa og pússa skóna
Smyrja nesti og losa stíflu
Þetta er verk fyrir drullusokk

Drullusokk
Drullusokk
What to do
What to do

Sjáið hérn´ allt helvítis draslið
Þetta er nú meira ba-a-slið
Hérna lúrir ljótur blettur
Nú er kallinn illa se-ettur
Hér skal ekki að neinu ana
Ég nota þennan geðveika Eiturbana

What to do
What to do
Djöfull er kallinn flottur,
djöfull er kallinn flottur
What to do
Djöfull er kallinn flottur,
djöfull er kallinn flottur
Djöfull er kallinn....

What to do

## Tónlistin tælir

Verið nú velkomin
við þér bjóðum nú – þvílíkt góðan dag
Skólinn er opinn
og við syngjum saman lag

Hér er ei sorg og sút
Saman kveðum við – hér allt dram´ í kút
Sólin er komin
Til að henda myrkri út

Lífið leikur sér með mér
Lífið leikur sér með þér

Okkur er ýmislegt
til lista lagt – alveg ótal margt
Spilum og syngjum
Málum, litum, allt er bjart

Komi nú hver sem er
Öll sem eruð hér – komið fylgið mér
Í sólarsamba
Ég Svala þamba – já komdu með.

Lífið leikur sér með mér
Lífið leikur sér já...
Lífið leikur sér með mér
Lífið leikur sér með þér

Sæt tónlistin tælir
og við þig gælir, já
Sæt tónlistin tælir

## Skítapleis

Ég veit – ég hef fengið nóg
Ég þarf að komast út
Hlaupa upp til hlíða
Ég vil ekki bíða

Ég veit – rangt spil ég dró
Og hér er allt í hnút
Hér er aldrei friður
Engin okkur styður
En hver er sinnar gæfu smiður

Allir eru að gera það gott
En við höngum bara heima
Og látum okkur dreyma
Allir eru að gera það gott
Það er ekki að því spurt
Við verðum bara að koma okkur burt

Ég veit – þetta er skítapleis
Sem hefur ekki neitt
Mig langar helst að strjúka
Þessu þarf að ljúka

Ég veit – þetta er glatað keis
Því verður varla breytt
Hér er ekkert um að vera
Ekkert að fúnkera
Hvað eigum við í því að gera?

Allir eru að gera það gott...

:. Það þurfa allir hetju
Einhvern sem þeir geta stólað á
Það þurfa allir hetju
Einhvern sem þeir fíla, dýrka og dá
Við bíðum eftir hetju
Einhvern sem að leysir okkar mál
Við bíðum eftir hetju
Sem að allir trúa af lífi og sál .:

Topp Útlit -merkingar-



## Nú er lag

Komið nú öll
tónskáldin snjöll
með í keppnina
með heppnina
Já komið nú öll
yfir firði og fjöll
flyttu heppnina
með í keppnina

Nú er lag
Til að lát´á það reyna að búa til lítinn brag
Við spilum og syngjum og semjum nótt sem dag
Við semjum lítið lag
Við gerum það í dag
Og ekki má gleyma að semja nú svolítinn dans
svo kalla og konur nú reki í rogastans
Við gerum það með glans
Við förum öll í trans

Komið nú öll...

Nú er lag
Til að lát´á það reyna að búa til lítinn brag
Við spilum og syngjum og semjum  nótt sem dag
Við semjum lítið lag
Við gerum það í dag
Og ekki má gleyma að semja nú svolítinn dans
svo kalla og konur nú reki í rogastans
Við gerum það með glans
Við förum öll í trans

Komið nú öll...

## Tálsýnin ein

Hann er sætur og svo ágætur
tendrar ljósið í hjarta mér
Ég hef á honum mætur
kannski ást okkar byrji hér

Hún mig bræðir og ástin flæðir
ólgar ástríð' um æðar mér
Allan sársauka græðir
kannski ást okkar byrji hér

Kannski er ástin bara tálsýnin ein
Verður hún okkar svona óspillt og hrein
Kannski er ástin bara tálsýnin ein
Það er eitthvað við þig
sem bæði truflar og heillar mig

Tíminn líður og ástin bíður
tækifærið er tvísýnt hér
Held ég vildi nú síður
að hún slyppi úr hendi mér

Höldum saman það verður gaman
hamingjuna við höndlum nú
Það er eitthvað við þig
sem bæði truflar og heillar mig

Kannski er ástin bara tálsýnin ein...



## Leitað þín svo lengi

Ég hef leitað þín svo lengi
Eitt vesælt vetrarkvöld
Varir okkar tveggja mættust
Baðkar og brjóstahöld
Brosmild hjörtu okkur kættust

Við þráðum þessa nótt
Sem við þrotlaust nutum saman
Ó, hve tíminn hverfur fljótt
Er tvö hjörtu hafa gaman

En, hvar ertu nú
Ég hef leitað þín svo lengi
Já, nánast út um allt
En, hvar ertu nú
Ég hef leitað þín svo lengi
Að mér er orðið kalt

Úr bænum burtu þaut
Ástin bjarta, með mitt hjarta
Tárvot augu, tuska blaut
Taugað hjarta – bútað í parta

Á slitnum strigaskóm
Í verksmiðjunni strita
Átti draum um annan dóm
En djöfulgang og svita

En, hvar ertu nú
Ég hef leitað þín svo lengi
Já, nánast út um allt
En, hvar ertu nú
Ég hef leitað þín svo lengi
Að mér er orðið kalt

:. En ég veit, en ég veit
Ef ég leita þín
Og ég veit, og ég veit
Ef þú leitar mín
Þá  ég veit, þá ég veit
Ástin verður okkar .:

En, hvar ertu nú
Ég hef leitað þín svo lengi
Já, nánast út um allt
En, hvar ertu nú
Ég hef leitað þín svo lengi
Að mér er orðið kalt

Einn ég ráfa um
Eins og áður
Ennþá þjáður







## Allir vilja dansa

Við erum komin hér í kvöld
Þar sem gleðin tekur völd
Vertu í stuði
Við fílum Wham og Q for you
en hvað er það sem fílar þú
Duran Duran?

Því það allir vilja dansa
Já allir vilja dansa
Því það vilja allir dansa
Dansa fram á nótt

Ég er ekki að skilja,
hvað þú ert að vilja
Ertu að hlusta
Komdu hérna Jóna,
heyrðu þessa tóna
Viltu dansa

Því það allir vilja dansa
Já allir vilja dansa
Því að allir vilja dansa
Dansa fram á nótt

Enn á ný, um borg og bý
við getum hafið okkur upp í ský
Stúlka og fýr, og ævintýr
saman munu þau byggja brýr
Enn á ný, um borg og bý
við getum hafið okkur upp í ský
Stúlka og fýr, og ævintýr
saman munu þau byggja brýr

Við þolum ekki popp
Ekkert hopp og skopp
Hvað ertu að hugsa?
Við rekum tungu út
og bindum alla í hnút
Við viljum slugsa

Við viljum ekki dansa
viljum ekki dansa
Við viljum ekki dansa
viljum ekki dansa

Enn á ný, um borg og bý
við getum hafið okkur upp í ský
Stúlka og fýr, og ævintýr
saman munu þau byggja brýr
Enn á ný, um borg og bý
við getum hafið okkur upp í ský
Stúlka og fýr, og ævintýr
saman munu þau byggja brýr

Því það allir vilja dansa
Já allir vilja dansa
Því að allir vilja dansa
Dansa fram á nótt



## Hann

Það er hann sem hæfir mér
Hann leiðir mig um drottins veg
Í endalausri sorg og sút
Hann sýnir þér leiðina út
Það er hann, það er hann, það er hann
Hann er sá sem okkur leiða kann.

Sannlega segi ég þér
svona gengur lífið hér
það er fullt af kærleik´og ást
og um hatur munum ekki fást

Afvega verðið þið ei
við sorgina segi ég nei
Vandamálin horfin á braut
Hann linar alla sorg og þraut

Það er hann sem hæfir mér
Hann leiðir mig um drottins veg
Í endalausri sorg og sút
Hann sýnir þér leiðina út
Það er hann, það er hann, það er hann
Hann er sá sem okkur leiða kann

Hallelúja, hallelujah, hallelujah, hallelúja
Það er hann, það er hann, það er hann
Hann er sá sem okkur leiða kann

Hallelúja, hallelujah, (og ég trúi)
Hann, hann, hann, hann, hann, hann, halleljúa













# Rokk og ról

Margir segja að ég sé svolítið „strange“
Ég spyr á móti er betra að við séum eins?
Mér finnst það vitlaust en no offence
Því að allir eiga að fá sinn séns
og það er eitt sem ég aldrei skil
Því ég veit hvað ég vil, já, ég veit hvað ég vil?

Ég vil rokk, ég vil ról
Ég vil rokk, ég vil ról
Ég vil rokk og ról
Ég vil rokk, ég vil ról
Ég vil rokk, ég vil ról
Ég vil rokk og ról

Rétt eins og tvister einn ég reika um lönd
Því er ég rokka þá mér halda´engin bönd
Allt annað líf er mér far away
Annars veslast ég bara upp og dey
Því rokkið er mér feitt hjartans mál
Því ég veit hvað ég vil, já, ég veit hvað ég vil?

Ég vil rokk, ég vil ról
Ég vil rokk, ég vil ról
Ég vil rokk og ról
Ég vil rokk, ég vil ról
Ég vil rokk, ég vil ról
Ég vil rokk og ról

Nananana..........

Gemmér rokk, gemmér ról
Gemmér rokk, gemmér ról
Gemmér rokk og ról
Gemmér rokk, gemmér ról
Gemmér rokk, gemmér ról
Gemmér rokk og ról





# Lífið í 1. bekk

Í 1. bekk hefur verið líf og fjör frá fyrsta degi. Við erum á fullu að læra að lesa og skrifa og það gengur mjög vel. Við vinnum oft á stöðvum þar sem mikil samvinna fer fram í blönduðum hópum. Það hentar okkur vel og allir fá verkefni við hæfi. Í haust höfum við verið að læra um vináttuna og hvað það þýðir að vera góður vinur. Það er spennandi að vera byrjuð í 1. bekk og við erum öll orðin svo dugleg og góðir vinir.




CALCULUS
VIÐSKIPTALAUSNIR

TORGIÐ
hárstofa

Loftmyndir ehf

ULTRAFORM
árangur&ánægja

KNATTSPYRNUFÉLAG
ÍA
AKRANESI

BIFREIÐASTÖÐ
1927
ÞÞÞ
SÍMI
431 1500
AKRANESI


## Lausnir



Gátur:

1. Vettlingur
2. Hvað er klukkan
3. Koddi
4. Stafurinn A
5. Framtíðin
6. Allir
7. Bergmál
8. Gata
9. Ljós
10. Hola

# Elkem

Hjá Elkem Ísland umbreytum við kvarsi og járni í hágæða kísilmálm með hjálp íslenskrar raforku. Kísilmálmur er notaður til þess að hreinsa stál og sem íblöndunarefni til þess að ná fram ákveðnum eiginleikum í stáli sem bætir stálframleiðslu og gæði.

Elkem á Íslandi sérhæfir sig í framleiðslu á kísilmálmi fyrir rafmagnsstál. Rafmagnsstál er grundvöllur orkuskipta í heiminum og kísill er forsenda framleiðslu hans. Í hverjum rafmagnsbíl sem fer á götuna eru um 4kg af hágæða kísilmálmi.

**Staðreyndir um Elkem**

- Elkem Ísland hefur verið starfrækt á Grundartanga í yfir 40 ár
- Yfir 200 manns starfa hjá fyrirtækinu, þar af 85% í nærsamfélaginu
- Mannauður Elkem samanstendur af hæfileikaríku og öflugu starfsfólki og bjóðum við upp á fjölbreytt störf frá 18 ára aldri
- Þrír ljósbogaofnar eru á Grundartanga sem bera nöfnin Björg, Auður og Cleopatra
- Elkem er alþjóðlegt fyrirtæki með starfsemi um allan heim og eru höfuðstöðvar í Noregi






Elkem Ísland - www.elkem.is fyrir nánari upplýsingar



una • Bílaumboðið Una • bilaumbodiduna.is • xpeng.com/is • Vínlandsleið 6-8 • S: 590 2900